

## **9. fundur Félags um menntarannsóknir haldinn í húsnæði RKHÍ 22. febrúar kl. 16**

Mættir: Allyson Macdonald, Börkur Hansen, Júlíus K. Björnsson, Kristín Aðalsteinsdóttir, Inga Þórunn Halldórsdóttir og Guðrún Geirsdóttir

1. **Fundargerð síðasta fundar** samþykkt óbreytt.
2. **Viðbótarupplýsingar vegna fundargerðar.**
  - a. Allyson falið að ganga frá því að lokið yrði við endanlega útgáfu á merki félagsins.
  - b. Guðrúnu falið að kanna eignarhald á nafninu „Menntamál”.

### **3. Málstofa á Akureyri um útgáfumál.**

Málstofan verður haldin í tengslum við UT ráðstefnuna á Akureyri þann 28. febrúar kl. 17-18 í Verkmenntaskólanum stofu B05. Yfirskrif málstofunnar er: Hvað á að lesa? - Vangaveltur um útgáfumál

Kristín Aðalsteinsdóttir hefur haft umsjón með undirbúningi hennar og greindi frá honum. Þau Ingólfur Á. Jóhannesson, Guðfinna Steingrímsdóttir og Hafdís Kristjánsdóttir munu hvert um sig halda stutt erindi. Guðrún Geirsdóttir hefur tekið að sér fundarstjórn og mun jafnframt reifa hugmyndir og umræðu stjórnar um málefnið.

### **4. Aðalfundur**

Aðalfundur FUM verður haldinn 18. mars í Háskóla Íslands. Dagskrá verður í samræmi við 8. grein laga félagsins um Aðalfundi. Allyson og Berki falið að fara undirbúa kosningu í stjórn en þar verður um einhverjar breytingar að ræða. Ákveðið að undir önnur mál verði fjallað um útgáfumál og áhugahópa. Ákveðið að stjórnin hittist fyrir fund (kl. 16:30) en fundi annars rafrænt eftir því sem þurfa þykir.

### **5. Áhugahópar**

Hugmyndir um áhugahópa og reglur um þá voru sendar út á heimasíðu félagsins og fengust nokkur svör og umræða. Ákveðið var að kalla eftir stjórnendum að slíkum hópum og þannig hefja starfið formlega.

### **6. Önnur mál**

Rætt var um heimasíðu og hvernig væri best að standa að rekstri hennar þannig að hún nýttist félagsmönnum. Hugmyndir voru um að safna saman á einn stað öllu rituðu efni sem til er um uppeldis- og menntamál og opna aðgang að slíku safni á heimsíðu.

Komið hafa fram óskir eða hugmyndir um að félagsmenn FUM fjölmenni á ráðstefnu BERA (British Educational Research Association) sem haldin verður í Edinborg í september og var Allyson falið að leita eftir umsjónarmanni slíkar framkvæmdar.

Næsti stjórnarfundur ákveðinn 4. apríl kl. 16.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundarritari: Guðrún Geirsdóttir

